



**Kveðja
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
til Seltirninga
í tilefni
50 ára kaupstaðarafmælis
og afmælishátíðar á Eiðistorgi**

9. apríl 2024

Ágætu Seltirningar!

Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég þá gestrisni og góðvild sem við hjónin höfum notið í opinberri heimsókn okkar hingað í þetta fallega og farsæla sveitarfélag. Um leið nota ég tækifærið og þakka góða sambúð með góðum grönnum þegar við hjónin fluttum hingað með barnaskarann fyrir um níu árum. Þá sáum við fyrir okkur að búa á Seltjarnarnesi um árabíl enda eru hér kjöraðstæður fyrir fjölskyldufólk. Hér eru góðir leikskólar og skólar, bókasafnið öflugt og vel stutt við íþrótt- og tómstundastarf. Sundlaugin er notaleg og til útivistar höfum við Valhúsaheð, Gróttu og opnu svæðin þar í grennd, golfvöll, fjörur og tjarnarbakka.

Já, það þurfti eitthvað sérstakt til þess að við flyttum héðan. Síðustu ár hefur verið ljúft að geta þó skimað yfir Skerjafjörð að okkar gömlu heimkynnum, séð Gróttuvita glampa í kvöldsólinni og kirkjuna fögru á hæðinni.

Þið búið í fallegu byggðarlagi, kæru Seltirningar. Frá því að þið fenguð kaupstaðarréttindi fyrir hálfri öld hefur bærinn ykkar vaxið og dafnað. Ég þreymi ykkur ekki á því að rekja hér söguna frá upphafi og vísa líka til hinnar fróðlegu sögusýningar sem skoða má á bókasafninu. Ég leyfi mér þó að geta Gufa Ketilssonar, Írans sem við getum allt eins kallað fyrsta Seltirninginn. Hann bjó með sínu fólk einhvers staðar á þessum slóðum uns Ingólfur Arnarson rak hann á brott.

Já, sambúðin við Reykvíkings getur víst verið örðug á stundum þótt hún sé nú að öllu jöfnu ljúf og farsæl. Öldum saman var Reykjavík reyndar ekkert annað en hver önnur jörð í Seltjarnarneshreppi hinum forna. Hún var svo gerð að kaupstað og aðrar jarðir hurfu líka úr hreppnum: Arnarhóll og Kleppur, Laugarnes og Breiðholt svo dæmi séu tekin. Einna síðast misstu Seltirningar Skildinganes úr hreppi sínum og hreppsnefndin streittist svo sannarlega á móti því, einkum vegna þess að þar um slóðir voru víst svo vel stæðir útsvarsgreiðendur.

Kannski má reyndar halda því fram að þeir séu að sama skapi ágætir, þeir útsvarsgreiðendur sem eftir eru á Seltjarnarnesi. Velmegun í þeim skilningi er hér meiri en gengur og gerist. Og hér er mannlífið fjölskrúðugt og fjörugt. Því höfum við hjónin fengið að kynnst í dag. Gott var að hefja leikinn í heita pottinum, ræða þar landsins gagn og nauðsynjar eins og venja er á slíkum stað. Síðan fengum við að heilsa upp á bæjarfulltrúa og starfslið bæjarins og þótt það hafi verið gaman var enn skemmtilegra að hitta leikskólabörn og grunnskólanema, halda í afmælisgöngu og njóta ljúfra tóna.

Þeir áttu eftir að verða fleiri og við fáum senn að heyra frekari söng og spil hér á eftir. Annars fórum við svo víða í dag að ég get ekki þulið alla þá staði en læt þó ekki hjá líða að þakka hlýjar móttökur í hjúkrunarheimilinu Seltjörn og notalegt spjall við eldri Seltirninga – og jú, líka innlitið á æfingar hjá Gróttu, því öfluga íþróttafélagi þar sem ungvíðinu er sinnt af fagmennsku og metnaði.

Og nú erum við á afmælishátíð. Ég ítreka heillaóskir mínar til ykkar allra, kæru Seltirningar. Megi ykkur öllum farnast vel í þessum fallega bæ þar sem framtíðin getur svo sannarlega verið björt.